

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík, undirskrifuð af konungi 12. janúar 1900 (A. nr. 1, bls. 2—9).

Lög um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. september 1885, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 2, bls. 10—13).

Lög um fjármál hjóna, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 3, bls. 14—27).

Lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 4, bls. 28—33).

Lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 5, bls. 34—35).

Lög um fjölgun og viðhald þjóðvega, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 6, bls. 36—37).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um mæling á skipaleið inn á 10 Hornafjörð, Papós og Salthólmavík. — Eptir að jeg hafði skrifað sjóliðsráðaneytinu 9. janúar um mæling þá á skipaleið inn á Hornafjörð, Papós og Salthólmavík við Gilsfjörð, sem getur um í brjefi yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 30. oktbr. f. á., og þingsályktun þeirri, er þarmed fylgdi, hefir nefnt ráðaneyti skrifað mjer brjef það, er hjermed fylgir endurrit at; en samkvæmt því mun skipaleið inn á Hornafjörð og Papós verða mæld af skonnortunni »Diana« á komandi sumri, en leiðin inn á Salthólmavík getur eigi orðið mæld, nema veitt sje til sjerstakrar bátaútgerðar til þess starfa.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um metorð lækna. — Eptir 11 að svo hafði verið ákveðið í lögum um skipun læknishjerada á Íslandi o. fl. frá 15. janúar 13. oktbr. f. á., að sum af læknishjeruðunum skyldu veitt af herra landshöfðingjanum, beiddist ráðaneytið úrskurðar forsætisráðgjafans um það atríði, er þá varð spurning um, nefnilega hvort þeir hjeradslæknar, er þjer skipuðuð, skyldu vera jafnir að metorðum þeim hjeradslæknum, er hefðu verið og yrðu skipaðir af konungi.

Ráðaneytið hefir síðan fengið tilkynning frá forsætisráðgjafanum um það, að hans hátign konunginum hafi eptir allra þegusamlegustum tillögum hans 9. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að ákvæðið í konungsúrskurði 20. maí 1874 um að hjeradslæknar skuli taldir að metorðum í 5. flokki nr. 4 í metorðaröðinni, skuli og gilda um þá hjeradslækna á Íslandi, sem skipaðir eru af landshöfðingja.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um tóbakstoll. — Í brjefi, 12 dagsettu 2. f. m., hafði þjer, herra bæjarfógeti, getið þess, að verzlunarstjóri A. 29. janúar Ásgeirssonar á Ísafirði og fleiri þar á staðnum, er fengu tóbak og tóbaksvindla með pótskipinu »Laura«, sem hafnaði sig þar 18. nóvbr. f. á., eða 5 dögum

10. febrúar 1900.

12 eptir að hin nýju lög um aðflutningsgjald af tóbaki frá 22. septbr. s. á. öðluðust 29. janúargildi, hafi borið sig upp undan því, að ósanngjarnt væri að þeir greiddu toll eptir hinum hækkaða taxta, er hin nýju lög settu, þar sem þeir, er fengið hefðu vörur til Reykjavíkur með sama skipinu í sömu ferð þess frá útlöndum, borgi að eins hið lægra gjald eptir eldri lögnum. Hafid þjer því eptir beiðni áminnztra gjaldanda skotið til úrskurðar míns, hvað rjett sje í þessu tilliti, og jafnframt tekið það fram, að þjer hafid álitid, að gjaldið bæri að heimta eptir þeim lögum, sem giltu á móttökustað í gjalddaga, en gjalddaga teljið þjer eptir 2. gr. laganna, þá er varan er komin til viðtakanda. Hafid þjer því heimtað tollinn eptir hinum nýju lögum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar, að jeg fellst á álit yðar og aðgjörðir í þessu efni.

13

Reikningur

minningarsjóðs lector theologiæ Sigurðar Melsteðs.

1. Í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins í árslok 1898 sjá Stj tíð.	
1899, B. 54, bls.	kr. 428 08
2. Ársvextir 1899	— 17 12
Á vöxtum í Söfnunarsjóði í árslok 1899	kr. 445 20

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 6. febrúar 1900.

Magnús Stephensen.

Lausn frá embætti, embættiskipanir o. s. frv.

Embættisskipan.

13. janúar var cand. juris Halldór Bjarnason allramildilegast skipaður sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Oveitt embætti,

a. er ráðgjafinn fyrir Ísland sjer um veitingu á.

1. Seyðisfjarðarlæknishjerað. Árslaun 1900 kr.

Auglýst laust 13. janúar 1900. Umsóknarfrestur til 11. maí s. á.

2. Dalalæknishjerað. Árslaun 1500 kr.

Auglýst laust 13. janúar 1900. Umsóknarfrestur til 11. maí s. á.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsráskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skírteini fyrir því að þeir kunni íslenzka tungu.

b. Prestakall.

Saurbær á Hvalfjarðarströnd (Saurbæjar og Leirár sóknir). Lán hvílir á prestakallinu, tekið 1892 og 1893, upphaflega 2500 kr., er endurborgast á 20 árum með 125 kr. árlega auk vaxta. Uppgjafaprestur og prestsekkja fá eptirlaun af brauðinu samkvæmt lögum. Mat: 1338 kr. 62 au. Auglýst 31. janúar. Umsóknarfrestur til 18. marz. Veitist frá fardögum.